

Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga 29. og 30. september 2017.

Fjárhagsáætlun 2018 – afgreiðsla Fjárhagsnefndar.

Fyrir þinginu liggur tillaga að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2018.

Áætlunin gerir ráð fyrir 0,4 millj.kr. afgangi frá rekstri borið saman við 3,5 millj.kr. jákvæðri niðurstöðu þessa árs. Í endurskoðaðri áætlun fyrir áætlun 2017 er gert ráð fyrir 4,0 millj.kr.

Fjárhagsnefnd fór yfir helstu tölur áætlunarinnar 2018 m.a. með því að skoða sundurliðun hennar svo og helstu forsendur sem áætlunin byggir á.

Meginforsendur áætlunarinnar er nær óbreyttur rekstur. Helstu forsendur áætlunarinnar eru að laun hækki að meðaltali um 5% og að almennar verðlagsforsendur verði 2% hækkun.

Nefndin fjallaði sérstaklega um þessar meginforsendur fjárhagsáætlunar næsta árs og er sammála þeim í meginráttum. Nokkur óvissa er um breytingar launakostnaðar á næsta ári m.a. vegna þess að kjarasamningar margra BHM háskólamanna eru lausir í kjölfar að gerðadómsákvæði runnu út í lok ágúst sl. svo og verða forsendur almennra kjarasamninga á vinnumarkaði, þ.e. á milli SA og ASÍ, endurmetnar í febrúar nk.

Í Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2017-2022 er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs (verðbólga) hækki um 2,7%, að launavísitalan hækki um 6,5% og raungengið um 3,4% á árinu 2018 og er því forsenda um hækkun verðlags í fjárhagsáætlun 2018 nærri þeirri spá.

Ábendingar Fjárhagsnefndar:

- a. Laun og launakostnaður. Í sundurliðun áætlunar 2018 er launaliðum skipt niður á laun og á ýmsa launategda liði. Bent er á að í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 5% hækkun launakostnaðar en Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 6,5%. Óvissa er um framvindu kjarasamninga og má gera ráð fyrir, í ljósi reynslu, að hækkun launa verði jafnvel meiri en fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir.

Álit og tillaga Fjárhagsnefndar:

Það er álit Fjárhagsnefndar að tillaga að fjárhagsáætlun 2018 endurspegli vel rekstur Fjórðungssambandsins og spá um rekstur á næsta ári.

Nefndin var sammála um að leggja til við 2. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið að Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi dagna 29. og 30. september 2017 að samþykkja framlagða fjárhagsáætlun sambandsins fyrir rekstrarárið 2018.

Gert í Reykjanesi, 30. september 2017

Pórir Sveinsson, formaður.

Sandra Rún Björnsdóttir.

Jónas Þór Birgisson.